

## GJALDSKRÁ

### velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu fatlaðs fólks.

#### 1. gr.

##### *Greiðsla.*

Gjald fyrir hverja fasta ferð hjá akstursþjónustu fatlaðs fólks skal miðast við hálf almennt gjald hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Gjald fyrir tilfallandi ferðir sem eru pantaðar samdægurs miðast við fullt gjald hjá Strætó samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Fargjald fyrir aðra farþega er það sama og fyrir notandann, hvort sem um er að ræða fasta ferð eða tilfallandi ferð.

#### 2. gr.

##### *Gjaldskylda ónýttar þjónustu.*

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt. Afþöntun ferða skal fara fram með a.m.k. 2 klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri bæði gagnvart sveitarfélagi og notanda. Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri gagnvart sveitarfélagi og notanda.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við sameiginlegar reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í borgarráði þann 2. júlí 2020 og tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1376/2019.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 6. júlí 2020.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 7. júlí 2020